Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Hraðlím Scotch-Weld SF20**

Vörunúmer: **SF2020** **20 g**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Hraðþornandi sýanóakrýlatlím

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

3M United Kingdom PLC
Bracknell, Berkshire,
RG12 8HT, Bretland
00-44-1344-858-000
tox.uk@mmm.com
www.3M.com/uk

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum	SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar	H315	Veldur húðertingu
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu
	H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
	P260	Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
	P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
	EUH202	Sýanóakrýlat. Hætta. Límist við húð og augu á nokkrum sekúndum. Geymist þar sem börn ná ekki til.

2.3 Aðrar hættur: Forðist snertingu við augu og húð. Límist augnlok eða húð saman, skal alls ekki reynt að þvinga sundur hina límdu fleti, heldur væta með volgu vatni og losa rólega og án átaka.

Sjá einnig 11. og 15. lið. Límir húð á svipstundu. Snerting frá fatnaði getur valdið húðbruna.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Etýl-2-sýanóakrýlat			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**90 - 99**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	230-391-5	**H-setningar**	-
CAS	7085-85-0	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - **H315**, Augnert.2 - **H319**, SEM-VES 3 - **H335**			

Skaðlaus fjölliða			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**1 - 10**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	-	**H-setningar**	-
CAS	Ekki gefið upp af framleiðanda	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Hýdrókínon			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 0,06**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	204-607-8	**H-setningar**	-
CAS	123-31-9	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 4 (inntaka) - **H302**, Húðnæm.1 - **H317**, Augnskað.1 - **H318**, Stökkbr.2 - **H341**, Krabb.2 - **H351**, Bráð eit.á vatn - **H400**, Langv.eit.á vatn 1 - **H410**			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Innöndun Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.

Snerting við húð Losið ekki límda hörundsfleti sundur með afli. Notið óskaðlegt áhald, ásamt volgu sápuvatni, til að losa líminguna með varúð.
Límist varir, skal væta þær með volgu vatni og beita léttum þrýstingi með tungu og munnvatni og losa líminguna rólega.

Snerting við augu Skolið strax augu með miklu volgu vatni. í amk. 15 mín. Leitið strax læknis.
Losið límd augnlok með mikilli varúð.

Inntaka Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Varan fjölliðast samstundis í munni og því nánast ómögulegt að kyngja. Munnvatn leysir upp harðnaða vöruna á nokkrum klukkustundum.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Snerting við augu Erting (í hornhimnu).

Snerting við húð Roði, bólgur.

Öndunarfæri Erting, hósti.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði, kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: Vatn ætti að nota í hófi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Vökvi og gufa eru brennanleg.
Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, vetnissýaníð (blásýra), ertandi lífrænar gufur.
Lokaðar umbúðir hitna í eldi og geta sprungið.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða.
Notið vatnsúða til að kæla brunasvæði og koma í veg fyrir þrýstisprengingar umbúða.
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Rýmið mengað svæði. Notið persónuhlífar. Forðist snertingu við húð og augu. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Forðist snertingu við vatn.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Stöðvið dreifingu með ólífrænum ísogsefnum svo sem kísilgúr eða sandi eða neistafríum handverkfræum. Setjið upphreinsað efni í vel lukt og merkt ílát, safnið tómum umbúðum, og fargið sbr. 13.lið. Notið ekki bómull við hreinsistörf. Hörðnuðu efni má farga sem hættulausum úrgangi.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki og neytið einskis meðan á vinnu með vöruna stendur. Forðist innöndun og alla snertingu við húð og augu. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Geymið þar sem börn ná ekki til. Forðist snertingu við oxara (klór, krómsýru).

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri beinu sólarljósi. Geymið fjarri oxurum og amínum.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Etýl-2-sýanóakrýlat		1,5			Bretland
Hýdrókínon		0,5			Bretland

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað.
Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar Forðist snertingu við augu. Notið viðurkennd öryggisgleraugu með hliðarvörn.

Húð - hendur Forðist snertingu við húð. Notið efnahelda hlífðarhanska úr nítrílgúmmíi, flúorgúmmíi, eða marglaga fjölliðum.

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri Forðist innöndun úða, gufu og ryks sem verður til við notkun handverkfæra.
Við háan styrk ætti að nota grímu með síu fyrir lífrænar gufur, eða sjálfstæðan öndunarbúnað.
Síugerð: A (EN 136-140).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Þunnfljótandi vökvi		
Lykt:	Skörp, ertandi		
Litur:	Glær- litlaus		
Suðumark:	150°C		
Blossamark:	85°C		
Gufuþrýstingur:	39,1	Pa	(við 24°C)
Eðlismassi:	1,06	g/cm3	
Vatnsleysni:	Engin.		
Rokgjörn efni:	90-99%	þ/þ	
Seigja:	12-22	cp	(við 23°C)

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Kröftug útvermin fjölliðun í snertingu við vatn, amín, basa og alkóhól.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Varan fjölliðast hratt í snertingu við vatn, alkóhól, amín, og basa.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir basar, amín, alkóhól, sterkir oxarar, vatn.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, vetnissýaníð (blásýra), ertandi lífrænar gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif

Inntaka Einkenni geta verið magaverkir, meltingartruflanir, ógleði, uppköst og niðurgangur.

Innöndun Veldur ertingu í öndunarvegi. Einkenni geta verið: Hósti, hnerrar, nefrennsli, höfuðverkur, hæsi, verkir í nefi og koki.

Húð Ertir húð. Límir hörund samstundis. Veldur roða bólgum, kláða og þurrki. Snerting úr fatnaði getur valdið brunasárum.

Augu Ertir augu. Í vökvaformi límir varan augnlok. Í þurru lofti (rakastig <50%) getur gufa ert augu og valdið táramyndun, bólgum, verkjum og sjóntruflunum.

Hraðlím Scotch-Weld SF20					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	ATE	>5000	mg/kg	rotta	

Etýl-2-sýanóakrýlat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting		Væg erting		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Mikil erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Vísbendingar		fólk	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt		mús	
Krabbamein		Neikvætt			
Sértæk eiturhrif á marklíffæri eitt skipti	LOAEL	erting í öndunarfærum		innöndun	

Skaðlaus fjölliða (NJTS Nr. 04499600-7084)					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>5000	mg/kg		
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	

Hýdrókínon					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	302	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>4800	mg/kg		
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Ætandi		kanína	
Næming húð/öndunarfæri		Veldur næmingu		hamstur	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			
Krabbamein		Vísbendingar			
Sértæk eiturhrif á marklíffæri eitt skipti	LOAEL	Getur skaðað líffæri		Inntaka	
Sértæk eiturhrif á marklíffæri endurtekin	NOAEL	Nýru/þvagblaðra		Inntaka	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Forðist losun út í umhverfið.

Hýdrókínon					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	0,044 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	0,061 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC_{50}	0,0015 mg/l	3 d	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		70%	14 d		
Uppsöfnun í lífverum	LogKow	0,59			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
08 04 09 (úrgangslím og -þéttiefni sem í eru leysar lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)
20 01 27 (málning, blek, lím og resín sem innihalda hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur

IMDG: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur

IATA:
UN Númer 3334
Efnisheiti v. flutninga: AVIATION REGULATED LIQUID N.O.S. (CYANOACRYLATE ESTER)
Hættuflokkur: 9
Pökkunarflokkur: III
Pökkunarfyrirmæli Engar flutningstakmarkanir gilda fyrir umbúðir sem innihalda undir 500 ml.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

Samkvæmt skrám International Agency for Research of Cancer (IARC) teljast eftirfarandi innihaldsefni í flokki 2B (mögulegir krabbameinsvaldar í fólki):
Flokkur 2 Hýdrókínon (CAS 123-31-9).

15.2 Efnaöryggismat: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H341	Grunað um að valda erfðagöllum
H351	Grunað um að valda krabbameini
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1 / 17.01.2019

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***3M UK***
SAFETY DATA SHEET
3M™ Scotch-Weld™ Super Fast Instant Adhesive SF20, Clear
Útgáfa: *15.05.2018 Útgáfa 3.01*